



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning
Málsnúmer

6. nóvember 2024
MRN24050107

Svar við erindi um námsúrræði Klettabæjar

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 22. október 2024, þar sem óskað er tiltekinna upplýsinga um námsúrræði Klettabæjar ehf., og fyrri samskipta umboðsmanns og mennta- og barnamálaráðuneytis um sama efni.

Umboðsmaður spyr um mat ráðuneytisins á því hvort námsúrræði Klettabæjar ehf. uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til framhaldsskóla í lögum nr. 92/2008 og hvort þau börn sem sækja úrræðið hafi fengið að hefja nám í framhaldsskóla. Ráðuneytið hefur áður lýst í svörum til umboðsmanns að hér er um afar sérhæfða þjónustu að ræða við nemendur með fjölþættan vanda, sem kallar á aukið húsnæði, aðbúnað og sérhæfingu starfsfólks. Sú þjónusta krefst rýmis sem er almennt ekki fyrir hendi í framhaldsskólum í dag, enda er eftirspurn eftir námi í framhaldsskóla slík að ekki er hægt um vik að byggja upp slíka þjónustu nema með miklum fyrirvara líkt og verið að gera í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Þar sem almennir framhaldsskólar hafa ekki getað svarað eftirspurn eftir þessari sérhæfðu þjónustu hefur verið nauðsynlegt að leita til einkaaðila til að tryggja að þessi hópur geti hafið nám á framhaldsskólastigi.

Við ákvörðun ráðuneytisins að leita samninga við Klettabæ ehf. var, eins og áður hefur verið greint frá, leitað til Fjölbrotaskólans í Garðabæ um að vera faglegur bakhjarl við Klettabæ ehf. og var það mat sérfræðinga í FG að úrræðið uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru um þjónustu við nemendur með fjölþættan vanda. Ráðuneytið áréttar þær upplýsingar sem fram komu í síðasta svari að í Tækniskólanum á Skólavörðuholti hefur slíkt úrræði verið til staðar í mörg ár og hefur þar verið tekið á móti 9 nemendum á hverri önn. Starfsemi úrræðisins í Tækniskólanum hefur viðlíka nálgun og í Klettabæ og því telur ráðuneytið að verið sé að uppfylla rétt nemenda til þjónustu samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Í því sambandi vekur ráðuneytið athygli á að margskonar nám á mismunandi hæfniprepum fellur undir lög um framhaldsskóla, þar á meðal einstaklingsmiðað nám sem lýkur með „öðrum skilgreindum námslokum“ sbr. 19. gr. laga um framhaldsskóla. Það er því afstaða ráðuneytisins að þessi hópur sé í námi samkvæmt lögum um framhaldsskóla og að fræðsluskylda 32. gr. laga um framhaldsskóla sé uppfyllt gagnvart honum.

Umboðsmaður óskar eftir upplýsingum um hver framkvæmi innra mat á námsúrræðinu og hvort það hafi verið birt opinberlega. Umboðsmaður spyr jafnframt hvort og þá hver leggi mat á árangur og gæði úrræðisins og hvort nemendur og foreldrar hafi fengið að taka þátt. Um innra mat er fjallað í 41. gr. laga um framhaldsskóla, en það er kerfisbundið mat á árangri og gæðum skólastarfs, og er það mat framkvæmt af skólunum sjálfum. Klettabæ ehf. vann stöðuskýrslu um námsúrræðið, sem ráðuneytið óskað eftir, að lokinni fyrstu námsönn og hefur skýrslan verið rýnd í ráðuneytinu en ekki verið birt opinberlega. Í þeirri skýrslu er ekki sérstaklega fjallað um hvort nemendur og foreldrar hafi tekið þátt. Kallað verður eftir skýrslu frá Klettabæ um starfsemina á skólaárinu 2023-2024 innan tíðar og óskað eftir upplýsingum þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í undirbúningi hennar.

Í 42. gr. laga um framhaldsskóla er fjallað um ytra mat ráðuneytisins. Þar er í 1. mgr. fjallað um almenna gagnaöflun sem er liður í ytra mati ráðuneytisins. Ráðuneytið telur að með aðkomu FG og reglubundnum samskiptum við skólann, þ.m.t. skýrslugjöf, sé verið að gæta að reglubundinni öflun gagna frá Klettabæ enda er markmiðið að gæta þess eins og kostur er, að þjónustan sem veitt er falli að kröfum.

Umboðsmaður óskar eftir upplýsingum um ástæður þess að fjöldi nemenda á haustönn lægi ekki fyrir þegar fyrra svar barst 8. október 2024. Ástæða þess er sú að önninni er ekki lokið og því liggur fjöldi nemenda sem munu stunda nám á haustönn 2024 ekki fyrir. Það sem af er haustönn 2024 hafa 13 nemendur stundað nám í úrræði Klettabæjar.

Ráðuneytið vill árétta að þegar áður nefnt úrræði í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ verður að fullu nýtt, munu sjö nemendur stunda þar nám. Ráðuneytið vill einnig árétta að unnið er samningum við fleiri framhaldsskóla um að setja á stofn slík úrræði í náinni framtíð og er markmiðið að framhaldsskólar verði í stakk búnir að taka á móti þeim nemendum sem annars hafa fengið þjónustu frá Klettabæ. Að lokum vill ráðuneytið að fram komi að sífellt er verið að vinna að umbótum þegar kemur að samningsgerð við Klettabæ. Ef umboðsmaður barna er með upplýsingar eða ábendingar sem skipt geta máli í þeim umbótum er ráðuneytið alltaf tilbúið í samtali um það.

F.h. ráðherra


Anna Tryggvadóttir

F.h. ráðherra


Áslaug Magnúsdóttir